

16. fundur Breiðafjarðarnefndar haldinn föstudaginn 3. september 1999 kl. 11:00 að Vonarstræti 4, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson, Sigurður Þórólfsson, Árni Björnsson, Sveinn Guðmundsson varamaður Jóhannesar Gíslasonar, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigmundur Einarsson og Sigríður Stefánsdóttir.

Varamaður Rúnars Gíslasonar, Guðmundur P. Ólafsson boðaði forföll.

1. Fundargerð 15. fundar.

ÞH setti fundinn og stýrði honum.

Fundargerð 15. fundar lesin upp og samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. Ársskýrsla Breiðafjarðarnefndar.

Formaður greindi frá fundi sínum með umhverfisráðherra 9. ágúst sl. þar sem störf nefndarinnar voru kynnt og ráðherra afhent drög að verndaráætlun Breiðafjarðar og ársskýrslu nefndarinnar 1998.

3. Rætt var um ferðir Eyjaferða um Breiðafjörð.

Einn fundarmanna greindi frá ferð sinni með Eyjaferðum um Breiðafjörð ásamt norskum umhverfissinna sem taldi siglingu Eyjaferða svo nærri arnarhreiðri til alvarlegs umhverfisglæps. Umræða var á fundinum um þessi efni og ákvað nefndin að óska eftir því við ritara hennar að senda Eyjaferðum bréf á jákvæðu nótunum þar sem rekstraraðilum væri bent á að sækjast eftir undanþágu frá ákvæðum reglugerðar.

4. Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Nefndarmenn beðnir að fara yfir verndaráætlunina og koma ábendingum ef einhverjar væru til Guðríðar. Sigmundur og Guðríður tóku að sér að lesa yfir áætlunina fyrir 15. september nk. Í framhaldi af því yrði verndaráætlunin send út til sveitarstjórna til umsagnar og yfirlstrar og þeim gefinn tímafrestur til 1. nóvember nk. Talið rétt að senda Íslenskri málstöð handritið til yfirlstrar eins og það stendur nú en koma breytingum ef verð til þeirra síðar.

5. Önnur mál

Rætt var um greiðslur til manna vegna fundarsetu. Sigmundur kynnti viðbótargreiðslukerfi sem á eftir að fá blessun þóknunarnefndar. Ritari dreifði reglum ráðuneytisins um þóknunar- og dagpeningagreiðslur til nefndarmanna.

Næsti fundur ákveðinn 15. nóvember í Reykjavík og hefst hann kl 11:00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 14:00.